

# Vikufréttir

Vika 40 (04.10 – 08.10 2020)

## Mánudagur

- ✓ Nemendaverndarráðsfundur kl. 14:00

## Þriðjudagur

- ✓ Alþjóða kennaradagurinn

## Miðvikudagur

- ✓ Vinabekkirnir 9.b og 4.b fara í hina árlegu gróðursetningu frá klukkan 10 – 12.
- ✓ 10.bekkur fer í haustferð til Rvk.

## Fimmtudagur

- ✓ Kynning á starfsemi ungmennaráðs fyrir nemendur í 8.-10.bekk
  - 8.bekkur kl. 08:10
  - 9.bekkur kl. 8:30
  - 10.bekkur kl. 9:30

## Föstudagur

- ✓ Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri fara á ráðstefnu hjá skólastjórafélagi Íslands á Akureyri.
- ✓ Þingkosningar á unglíngastigi

## Annað:

Nú ættu allir foreldrar nemenda, sem eru skráð í mötuneytið, að vera komin með kröfu í heimabanka fyrir fæðisgjaldi fyrir ágúst og sept. Gjaldldagi er 30.sept og eindagi er 1. nóv.

Við viljum biðja ykkur um að skoða reikningana frá Borgarbyggð inn á Þjónustugátt á borgarbyggd.is. Þar er hægt að skoða hvort nemandi er rétt skráður í mötuneytið.

## Spakmæli:

“Allir hafa kafla í sínu lífi sem þeir vilja ekki lesa upphátt”

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða mánudaginn 11. október. Hver fjölskylda fær sinn viðtalstíma hjá umsjónarkennara. Hér er um kærkomið tækifæri fyrir kennara og foreldra að hittast og ræða um framfarir og líðan nemandans. Þetta eru því mikilvægir fundir sem foreldrar þurfa að nýta vel. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig til viðtals þennan dag eftir þörfum. Markmiðið með viðtölum nú er að fara yfir líðan og ástundun nemenda fram að þessu og jafnvel setja niður eigin markmið. Ef önnin hefur ekki byrjað vel verður þetta kærkomið tækifæri til að breyta um stefnu og móta aðgerðir. Minnum foreldra á að skrá sig í viðtal inni á Mentor. **Opnað verður fyrir skráningu föstudaginn 1. október.**

## Smiðjuhelgi

Fyrri smiðjuhelgi vetrarins verður föstudaginn 15. og laugardaginn 16. október. Þar er boðið uppá valgreinar fyrir 8. til 10. bekk þar sem nemendur eru í smiðjum utan hefðbundins skólatíma. Unnið er í smiðjum frá kl. 14.30 á föstudegi til 18:30 og frá kl. 8:30 til 14.30 á laugardegi. **Mætingarskylda er á smiðjuhelgi jafnt og aðra skóladaga.**